

meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi 2 mánuði í hegningarauka.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 19. janúar 1982.

Nr. 269/1981. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Péttri Þórssyni.**

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. desember 1981, sem barst dómnum sama dag, og krafist þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Hinn 15. þ. m. barst Hæstarétti með bréfi ríkissaksóknara, dags. sama dag, endurrit af þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur, er fram hafði farið þann dag. Kom varnaraðili þá fyrir dóm og var kynnt framangreind kæra og kröfugerð ríkissaksóknara. Mótmælti varnaraðili kærinni og krafðist þess, að dómssáttin yrði látin standa óhögguð.

Hinn 27. júní 1977 samþykkti varnaraðili í sakadómi

Reykjavíkur að greiða 35.000 króna sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og vera sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 10. maí s. á. Varnaraðili var því sóttur um ítrek að brot gegn greindum ákvæðum umferðarlaga svo og gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Þau málalok voru óheimil að lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

### D ó m s o r ð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

### Dómssátt sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur

8. desember 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 8. desember, var sakadómur Þingeyjarsýslu og Húsavíkur settur að sýsluskrifstofunni á Húsavík og haldinn af fulltrúa sýslumanns/bæjarfógeta, Snædís Gunnlaugsdóttur, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið að halda rannsókn vegna kærðu um meintan ölvunarakstur. Dómari leggur fram: nr. 1 bréf lögreglustjórans í Reykjavík, nr. 2 kvaðningu, nr. 3 lögregluskýrslu, nr. 4 lög-regluskýrslu, nr. 5 sakavottorð.

Í réttinum var mættur kærði: Nafn: Pétur Þórsson. Stétt eða atvinna: . . . Heimili: Ránargata 11, Reykjavík (Mararbraut 5, Húsavík). Fæðingardagur: 9. júní 1953. Fæðingarstaður: . . .

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt, sem varðar við 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Hann fellst á að greiða kr. 1.200.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, og sæta því að vera sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 8. desember 1981.

Sektin greiðist fyrir 1. mars 1982, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi/fangelsi í 10 daga.

Málkostnaður, kr. 20.00, greiðist fyrir 1. mars 1982.

Brotið hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.